

FW: Plastlaus september, kynningarbréf

Til : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Hjördís Þráinsdóttir;Nanný Arna Guðmundsdóttir
Heiti : FW: Plastlaus september, kynningarbréf
Málsnúmer : 2017060067
Málsaðili : Dóra Magnúsdóttir
Skráð dags : 26.06.2017 16:22:02
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [Plastlaus september, bréf til Ísafjarðarbæjar.pdf](#)[Plastlaus september, bréf til Ísafjarðarbæjar.pdf](#)

From: Dóra Magnúsdóttir - Plastlaus september [mailto:dora@plastlausseptember.is]

Sent: 26. júní 2017 16:07

To: Brynjar Þór Jónasson ; Gísli Halldór Halldórsson

Subject: Plastlaus september, kynningarbréf

Heil og sæl,

ég hef hér samband við ykkur til þess að kynna árverknisverkefnið **Plastlaus september** sem fer af stað 1. september næstkomandi.

Markmið þess er að vekja almenning til umhugsunar um plastnotkun sína og þann plastúrgang sem fellur til, bæði almennt og á heimilum landsins. Þá vonum við að verkefnið hafi þau áhrif að fólk byrji að taka markviss skref til þess að draga úr plastnotkun. Í septembermánuði munum við keyra verkefnið á heimasíðu þess, plastlausseptember.is, á samfélagsmiðlum og stefnum á að reyna að kynna verkefnið vel í gegnum fjölmiðla. Við viljum miðla jákvæðum og hvetjandi skilaboðum til almennings og gefa upplýsingar og fræða um málefnið. Stofnað er til verkefnisins að erlendri fyrirmynd, en Plastic Free July var sett á fót í Ástralíu.

Okkur langar til þess að fá sveitafélög á Íslandi til liðs við okkur; að lágmarki sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Akureyrarbæ. Við teljum að þetta árverknisátak eigi samleið með því umhverfismarkmiðum flestra sveitarfélaga og hvernig sem á það er litið þá er alltaf jákvætt fyrir sveitarfélög að draga úr plastúrgangi sem og úrgangi almennt. Við höfum nú þegar átt fund með Umhverfisstofnun sem mun veita verkefninu faglega ráðgjöf og við bíðum svara vegna fjárstuðnings annarra aðila.

Meðfylgjandi er bréf sem er frekari kynning á verkefninu sem og formleg beiðni um fjárhagslegan stuðning. Við í stjórn verkefnisins hvetjum ykkur til þess að kynna ykkur það og taka afstöðu til innihalds þess.

Bestu kveðjur og góða helgi,

Dóra Magnúsdóttir
Verkefnisstjóri fyrir Plastlausan september